Alþingi
Erindi nr. Þ 133/375
komudagur 28.11.2006

*Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti*

# *Minnisblað*

| | |
|---|---|
| Viðtakandi: | **Iðnaðarnefndar Alþingis** |
| Sendandi: | **Iðnaðarráðuneyti; skrifstofa orkumála** |
| Dagsetning: | **28.11.2006** |
| Málsnúmer: | **IVR06100044** |
| Bréfalykill: | **21.020** |
| Efni: | Svör við athugasemdum við frumvörp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun og breytingu á lögum á orkusviði |

## I. Inngangur

Minnisblað þetta er tekið saman í kjölfar athugasemda sem fram komu á fundi iðnaðarnefndar þar sem fjallað var um frumvörp iðnaðarráðherra um breytingu á lögum um Landsvirkjun og breytingu á lögum um orkusviði. Þá hefur ráðuneytið aflað þeirra gagna sem óskað var eftir á fundinum.

## II. Samanburður mismunandi leiða

Í sameiginlegri fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis vegna viljayfirlýsingar sameigenda Landsvirkjunar, um að íslenska ríkið leysti til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun, kom fram að ríkið ráðgerði að sameina Landsvirkjun (LV), Orkubú Vestfjarða (OV) og Rafmagnsveitur ríkisins (Rarik) eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í LV. Í yfirlýsingunni kom fram að með því sameinaði ríkið eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Með þessu var ætlunin að skapa skilyrði fyrir að nýta samlegðaráhrif og styrkja fyrirtækin innbyrðis. Ýmsar aðrar leiðir en eiginleg sameining eru færar til þess að færa fyrirtækin nær hvert öðru og auka samstarf þeirra. Við núverandi kringumstæður er talið raunhæfast að fyrirtækin séu sett í eina samstæðu en þau áfram rekin í sjálfstæðum félögum. Hér á eftir fer samanburður á því að stofna sérstakt eignarhaldsfélag sem yrði eigandi fyrirtækjanna þriggja og því að gera OV og Rarik að dótturfélögum LV eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

### 1. Eignarhaldsfélagsleið

Ef fara ætti þessa leið þyrfti að stofna sérstakt eignarhaldsfélag og yfirfæra eignarhlutdeild í LV, OV og Rarik til eignarhaldsfélagsins, sem yrði þá móðurfélag LV, OV og Rarik. Hlutverk þess yrði væntanlega að fara með eignarhald, umsjón og eftirlit með dótturfélögum. Rekstrarlegir þættir væru í höndum dótturfélaga en samræmingarvinna varðandi t.d. starfsmannamál, gæða-, umhverfis- og öryggismál færi fram í móðurfélaginu. Móðurfélagið, eða fulltrúar þess, myndu sinna hlutverki eigenda m.a. í stjórnun og stefnumótun dótturfélaganna og annast samskipti við eigandann. Þá gæti einnig komið til greina að móðurfélagið hefði milligöngu um fjármögnun og lánamál samstæðunnar.

Með þessari leið eru fyrirtækin þrjú gerð hliðsett í skipulagi samstæðunnar. Þessi leið er að því leyti flókin að eigendaskipti verða í raun að öllum fyrirtækjunum þremur þar sem eignarhaldsfélagið verður eigandi í stað ríkisins. Þá færist ríkissjóður fjær beinum áhrifum í rekstri fyrirtækjanna þar sem bein áhrif ríkissjóðs yrðu aðeins á stjórn eignarhaldsfélagsins. Þessi leið ein sér dugar þó ekki því hún kallar einnig á það að leyst sé úr atriðum varðandi rekstrarform LV, hvernig farið skuli með gildandi ábyrgðir og hvernig háttað skuli ábyrgðarmálum fyrirtækisins til framtíðar. Þessi leið kallar því á umfangsmikið samráð við lánadrottna og viðskiptaaðila LV. Þá þyrfti að taka afstöðu til þess hvaða starfsemi ætti að eiga sér stað í eignarhaldsfélaginu og hvaða starfsmenn ættu að færast á milli fyrirtækjanna og eignarhaldsfélagsins.

### 2. Frumvarpstillaga

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum á orkusviði er lagt til að OV og Rarik verði gerð að dótturfélögum LV, en að ekki verði hróflað við fyrirtækjunum að öðru leyti. Með þessu er LV falin

hluti þeirra verkefna sem eignarhaldsfélaginu er ætlað að hafa skv. leið 1, auk þeirra verkefna sem fyrirtækið hefur nú þegar. Þessi leið hróflar ekki við eignarhaldi LV og rekstrarformi fyrirtækjanna og kallar því ekki á úrlausn þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan varðandí ábyrgðir, starfsemi eignarhaldsfélagsins o.fl.

**III. Upptalning virkjana og virkjanaheimilda í 6. gr. laga um Landsvirkjun**

Í 6. gr. laga um Landsvirkjun, svo sem henni hefur verið breytt með 4. gr. laga nr. 48/1999, 3. gr. laga nr. 38/2002, 4. gr. laga nr. 74/1990 og 10. gr. laga nr. 64/2003, segir:

> *Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.: Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli. Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.*
>
> *Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 220 MW afli, Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 MW afli, Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 MW afli, og Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Landsvirkjun reisir og rekur Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 MW afli.*
>
> *Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.*

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun er í 5. gr. lagt til að 6. gr. laganna falli brott í heild sinni. Upptalning 6. gr. laga nr. 42/1983 endurspeglar 1. og 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, og 1. og 2. gr. laga nr. 38/2002, um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, en virkjunarleyfi þessi voru í raun veitt á grundvelli laga nr. 60/1981 og 38/2002. Í síðustu málsgrein greinarinnar er að finna heimild til handa LV til að gera tilteknar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu. Þessi heimild kom inn í lögin árið 1990 til að greiða fyrir áformum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í tengslum við viðræður um álver ATLANTAL á Keilisnesi.LV hefur þegar ráðist í framkvæmdir á grundvelli þessarar heimildar.

Með gildistöku raforkulaga um mitt ár 2003 urðu umfangsmiklar breytingar á skipulagi raforkumála. Meðal annars voru skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku og lagaheimild frá Alþingi ekki lengur skilyrði veitingar virkjunarleyfa iðnaðarráðherra. Í raforkulögum nr. 65/2003, ákvæði til bráðabirgða II, segir: *„Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum, enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara."* Í athugasemdum frumvarps til raforkulaga segir að ákvæðinu sé ætlað að tryggja að þeir sem eiga rétt til að reisa eða reka raforkuver samkvæmt heimild í lögum haldi þeim rétti sínum. Eigi það m.a. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þeir verði engu að síður að uppfylla skilyrði frumvarpsins. Í raforkulögum er nú að finna almenna löggjöf um raforkumál, þ.á m. um útgáfu virkjunarleyfa, skilyrði fyrir útgáfu þeirra, afturköllun og framsali. Þá hafa vatnalög verið endurskoðuð.

Af ákvæðum raforkulaga telur ráðuneytið eðlilegast að líta svo á að ætlunin hafi verið að ákvæði raforkulaga giltu um virkjunarleyfi sem gefin voru út fyrir gildistöku laganna. Því hafi einstök lög um virkjunarleyfi og heimildir til útgáfu virkjunarleyfa eða annarra framkvæmda á orkusviði ekki sjálfstæða þýðingu lengur. Réttast sé að láta ákvæði raforkulaga, sem og vatnalaga og annarra almennra laga gilda um útgáfu virkjunarleyfa og annarra leyfa vegna framkvæmda í orkumálum. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafi og séu að verða á Landsvirkjun séu ekki efnisleg rök til að takmarka heimildir Landsvirkjunar umfram önnur fyrirtæki.

**IV. Ákvæði hlutafélagalaga um opinber hlutafélög**

Í lögum um Landsvirkjun er kveðið á um að fyrirtækið skuli halda sérstakan ársfund sem fulltrúar eignaraðila eiga einir rétt á að sitja auk forstjóra og löggiltum endurskoðana fyrirtækisins. Í lögunum segir jafnframt að þegar að loknum ársfundi skuli halda sérstakan samráðsfund LV. Í lögunum er að finna nánari ákvæði um samráðsfundi. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun er

lagt til að 11. gr. laganna um samráðsfund verði felld niður. Þess í stað er í frumvarpinu gert ráð fyrir að LV haldi eingöngu einn aðalfund. Þetta er lagt til í ljósi þess að Landsvirkjun ber ekki lengur þær skyldur sem á fyrirtækinu hvíldu fyrir gildistöku raforkulaga og ástæðulaust að kveða á um slíka fundi í lögum um fyrirtækið.

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á lögum um hlutafélög, varðandi aðkomu almennings að upplýsingum frá opinberum hlutafélögum og þátttöku í aðalfundum kann að þykja rétt að láta sambærilegar reglur gilda varðandi LV, þótt um sameignarfyrirtæki sé að ræða, enda fyrirtækið alfarið í eigu opinberra aðila. Þetta mætti gera með því að bæta inn í frumvarpið ákvæðum sambærilegum þeim ákvæðum hlutafélagalaga, sem fjalla sérstaklega um opinber hlutafélög, eftir því sem við getur átt.

*Trúnaðarmál*
*Undanþegið upplýsingaskyldu til almennings skv. 4. tölul. 6. gr. laga nr. 50/1996.*

# Minnisblað

**Viðtakendur:** **Iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjóri Reykjavíkur og bæjarstjóri Akureyrar.**
**Sendandi:** **Eigendanefnd Landsvirkjunar**
**Dags.** **29. júní 2004**

**Efni:** **Starf eigendanefndar Landsvirkjunar**

Iðnaðarráðherra skipaði eigendanefnd Landsvirkjunar 26. janúar sl. Samkvæmt skipunarbréfi skal nefndin skoða fjárhagsstöðu og fjármögnun Landsvirkjunar, stöðu fyrirtækisins í breyttu umhverfi raforkumála og gera tillögur um breytingar á sameignarsamningi um fyrirtækið, m.a. um arðsemismarkmið með hliðsjón af nýjum raforkulögum.

Á fundi iðnaðarráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur og bæjarstjóra Akureyrar þann 26 maí sl. komu fram ýmis sjónarmið og hugmyndir sem óskað var eftir að nefndin ynni betur úr. Nefndin vill með minnisblaði þessu skýra eigendum frá nokkrum hugmyndum sem ræddar hafa verið og hugsanlegum útfærslum á þeim og undirbúa þar með viðræðufund eigenda þann 6. júlí næstkomandi.

Nefndin hefur haft að leiðarljósi að svara eftirfarandi lykilspurningum:
- ✓ Hver er staða Landsvirkjunar í breyttu umhverfi raforkumála?
- ✓ Hvernig geta eigendur styrkt fyrirtækið?
- ✓ Er æskilegt að breyta eignarhaldi fyrirtækisins?
- ✓ Hver er reynslan af breytingunum á sameignarsamningnum árið 1996?

Nefndin leggur fyrir eigendur Landsvirkjunar eftirfarandi hugmyndir til nánari skoðunar:
1. Ríkið eignist Landsvirkjun að fullu með því að taka yfir lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem jafngilda verðmæti eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun (lífeyrisleiðin).
2. Landsvirkjun verði breytt úr sameignarfélagi í hlutafélag eins fljótt eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar og ráðlegt getur talist út frá varúðarsjónarmiðum. Gera má ráð fyrir að það verði á árunum 2009-2010 (hlutafélagsleiðin).
3. Eigið fé Landsvirkjunar verði aukið með útgáfu víkjandi lána með breytirétti í hlutafé. Bréfin verði seld á markaði, m.a. til lífeyrissjóða (eiginfjárleiðin).
4. Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða verði sameinuð. Aðrar hugmyndir um uppstokkun raforkufyrirtækja sem viðraðar hafa verið eru að Reykjavíkurborg fái afhentan hluta af eignum Landsvirkjunar, t.d. Sogsvirkjanir, og að ríkið selji Reykjavíkurborg hluta sinn í Hitaveitu Suðurnesja en eignist þess í stað aukinn hlut í Landsvirkjun (samrunaleiðin).

5. Lögum og sameignarsamningi um Landsvirkjun verði breytt í því skyni að aðlaga stjórnskipulag fyrirtækisins og stjórnhætti betur að hlutafélögum, sér í lagi um hæfi og verkefni stjórnar.
6. Arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið verði endurskoðuð með hliðsjón af reynslu og stöðu fyrirtækisins. Gjaldskrármarkmið verði fellt brott úr sameignarsamningi.

Nánari útskýring á þessum hugmyndum fylgir hér með.

**1. Yfirtaka lífeyrisskuldbindinga (lífeyrisleiðin)**

Nýlegar breytingar á lagaumhverfi raforkufyrirtækja miða að því að endurskipuleggja raforkukerfið með samkeppni og markaðsbúskap að leiðarljósi. Núverandi eigendasamsetning raforkufyrirtækja er ekki heppileg til að ná fram þessu markmiði raforkulaganna. Meðal annars eru allir eigendur Landsvirkjunar einnig eigendur að öðrum raforkufyrirtækjum, sem getur skapað hagsmunaárekstra. Æskilegt væri því að kanna hvort samkomulag geti tekist um nýja skipan eignarhalds raforkufyrirtækja.

Sú leið sem nær best markmiðum raforkulaga og kæmi í veg fyrir hagsmunaárekstra er að ríkið eignist Landsvirkjun að fullu og kaupi þannig út meðeigendur sína. Það getur t.d. gerst með því að ríkissjóður yfirtaki lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og samsvarandi skuldbindingu Akureyrarbæjar gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar sem gagngjald fyrir eignarhlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun.

Með þessari aðgerð yrði ríkið eini eigandi Landsvirkjunar. Hlutafélagavæðing fyrirtækisins og hugsanleg skráning fyrirtækisins á verðbréfamarkaði yrði auðveldari ef eignarhald væri allt á einni hendi. Sömuleiðis yrði stefnumótun fyrirtækisins auðveldari, svo sem vegna frekari uppbyggingar orkufreks iðnaðar sem og sameining Landsvirkjunar við önnur orkufyrirtæki, t.d. RARIK og Orkubú Vestfjarða.

Þessi leið hefur þann kost að hana má framkvæma strax eða fljótlega. Þannig má finna hentugan tíma fyrir yfirtökuna. Með þessari leið færu engir fjármunir á milli eigenda og er hún því, að öðru óbreyttu, ekki þensluhvetjandi. Skuldbindingarnar yrðu síðan greiddar á nokkrum áratugum. Kæmi til sölu Landsvirkjunar eftir hlutafélagavæðingu gæti ríkið lagt andvirði sölunnar inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisins.

Ókostur við þessa leið er sá helstur að óvissa ríkir um nákvæma skuldbindingu lífeyrissjóðanna. Ekki er víst að núverandi mat á skuldbindingunum reynist hið rétta. Að öllum líkindum færi best á því að sjóðirnir stæðu óbreyttir en ríkið gerði samning við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um yfirtöku skuldbindinganna. Margar útfærslur á slíkri yfirtöku eru mögulegar. Hugsanlega væri hægt að gera samning sem jafnaði áhættu aðila af síðari tíma hækkun á mati lífeyrisskuldbindinga. Þess skal getið að reglur lífeyrissjóða sem sveitarfélög starfrækja fyrir starfsmenn sína eru að mestu leyti sambærilegar við reglur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áfallnar skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar umfram eignir voru 6,2 ma. kr. í árslok 2003, þar af skuldbindingar bæjarsjóðs 3,2 ma.kr. Áfallnar skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar umfram eignir voru í árslok 2003 27,5 ma.kr.

Þá er einnig ókostur að markaðsverð Landsvirkjunar er ekki þekkt. Því yrði nauðsynlegt að fá faglegt mat óháðs aðila á virði fyrirtækisins. Bókfært eigið fé Landsvirkjunar um sl. áramót var 41,2 ma. kr. Vísbendingar frá fjármálasviði Landsvirkjunar benda til að verðmæti fyrirtækisins sé hærra en eigið fé þess. Árið 1996 mat JP Morgan virði fyrirtækisins á 24 ma. kr.

**2. Hlutafélagavæðing eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar (hlutafélagsleiðin)**
Stefnt verði að breytingu rekstrarforms Landsvirkjunar úr sameignarfélagi í hlutafélag eins fljótt eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar og ráðlegt getur talist út frá varúðarsjónarmiðum. Gera má ráð fyrir að það verði á árunum 2009-2010. Hafa verður í huga að breyting rekstrarforms í hlutafélag er viðamikil aðgerð frá lagalegu sjónarmiði og verður því að eiga langan aðdraganda, eða tvö til þrjú ár.

Rökin fyrir hlutafélagavæðingu Landsvirkjunar eru helst tvenn. Í fyrsta lagi er hlutafélagaformið langalgengasta form atvinnurektrar hér á landi og það sem er best skilgreint í lögum. Gera má því skóna að hlutafélagsformið henti best Landsvirkjun í þeirri samkeppni sem væntanleg er með nýjum raforkulögum. Í öðru lagi skapar hlutafélagaformið möguleika á því að fá inn aukið hlutafé frá fagfjárfestum og öðrum aðilum og jafnframt möguleika fyrir eigendur fyrirtækisins til að selja eignarhluti sína og afnema eigendaábyrgðina.

Hafa verður í huga að hlutafélagavæðing Landsvirkjunar er langtímaverkefni. Það eru hagsmunir eigenda fyrirtækisins að farið verði að breytingum á fyrirtækinu með gát á meðan á byggingu Kárahnjúkavirkjunar stendur. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins mun versna verulega á næstu árum vegna virkjunarinnar og fyrirtækið stendur jafnframt frammi fyrir verkáhættu á meðan á byggingu hennar stendur. Landsvirkjun mun þurfa að afla umtalsverðs lánsfjár á erlendum mörkuðum á næstunni. Mikilvægt er fyrir eigendur að kjör þeirra lána verði sem best og að ekki verði órói eða óvissa um framtíð fyrirtækisins á meðan fjármögnun Kárahnjúkavirkjunar stendur.

Breyting rekstrarforms Landsvirkjunar úr sameignarfélagi í hlutafélag er viðamikil aðgerð sem krefst ítarlegs undirbúnings. Mikilvægt er að skoða áhrif breytinganna á þær skuldbindingar sem fyrirtækið hefur tekist á hendur. Jafnframt þarf að hafa í huga að það er ekki gamla fyrirtækið sem breytist í hlutafélag heldur verður til nýr lögaðili, sem stofnaður er til yfirtöku á eignum og skuldum, réttindum og skyldum fyrirtækisins sem fyrir var.

Erlendar skuldir Landsvirkjunar nema um 85 milljörðum króna, sem er um 12% af löngum erlendum lánum þjóðarbúsins. Við breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins hefðu ýmsir lánveitendur samkvæmt lánsamningum rétt á að gjaldfella lánin og krefjast endurgreiðslu. Telja verður ólíklegt að til svo strangra ráðstafana kæmi af hálfu lánveitenda í ljósi ákvæða um áframhaldandi ábyrgð núverandi eigenda á skuldum Landsvirkjunar við breytingu. Hins vegar þyrfti að ræða við alla lánveitendur Landsvirkjunar áður en til stofnunar hlutafélags kæmi og það kynni að þurfa að endursemja um lánskjör.

Huga þyrfti að ýmsum málum er lúta að starfsmönnum Landsvirkjunar við breytingu fyrirtækisins í hlutafélag. Í fyrsta lagi hvaða rétt starfsmenn hefðu til starfa í nýju félagi. Í öðru lagi hvernig fara skuli með rétt starfsmanna til biðlauna og í þriðja lagi þarf að huga að eftirlaunaskuldbindingum.

Hér á eftir er einföld lýsing á því hvernig væri hægt að standa að hlutafélagavæðingu Landsvirkjunar. Miðað er við að fyrirtækinu verði breytt í hlutafélag eigi síðar en 1. janúar 2010, eða 33 mánuðum frá því að afhending orku hefst til Reyðaráls.

*a. Nefnd til undirbúnings hlutafélagavæðingu*

Iðnaðarráðherra skipi nefnd sem finna skuli lausn á ýmsum álitaefnum í tengslum við breytingu á Landsvirkjun í hlutafélag, m.a. um ábyrgð eigenda, erlendar lántökur og réttindi starfsmanna, og semja lagafrumvarp þar að lútandi. Samráð verði sér í lagi haft við stjórnendur fyrirtækisins, forsvarsmenn starfsmanna og stéttarfélög. Nefndin hefji störf síðari hluta árs 2006 og ljúki störfum haustið 2007.

*b. Frumvarp lagt fram*

Frumvarp byggt á vinnu undirbúningsnefndar verði lagt fram til samþykktar á Alþingi veturinn 2007-8. Jafnframt verði unnið nánar að kynningu erlendis á væntanlegum breytingum.

c. *Hlutafélag stofnað*

Samþykki Alþingi hlutafélagavæðingu fyrirtækisins verði skipuð nefnd á grunni laganna til að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélagsins. Nefndin annist undirbúning löggerninga er varða stofnun hlutafélagsins og hlutverk þess. Einnig skal nefndin gera tillögu til ráðherra um heildarfjárhæð hlutafjár í fyrirtækinu.

### 3. Víkjandi lán (eiginfjárleiðin)

Eigið fé Landsvirkjunar verði aukið með útgáfu víkjandi lána með breytirétti í hlutafé. Víkandi lán eru ekki meðhöndluð eins og aðrar skuldir og almennt eru þau skilgreind með sama hætti og hlutafé þegar eiginfjárhlutfall er reiknað. Víkjandi lán mæta afgangi ef fyrirtæki geta ekki greitt öllum sem eiga kröfu á þau. Þau eru því áhættusamari fyrir lánveitendur en önnur lán og að öðru jöfnu þarf að greiða hærri vexti af víkjandi lánum en öðrum. Breytirétturinn í hlutafé ætti hins vegar að lækka lánsvexti.

Markmiðið með þessari leið er að fá nýtt fé inn í Landsvirkjun og undirbúa aðkoma nýrra fjárfesta á orkumarkaðinn. Eiginfjárhlutfall Landsvirkjunar lækkar verulega á næstu árum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og verður mun lægra heldur en eiginfjárhlutfall framleiðanda í nágrannaríkjunum. Því myndi það án efa styrkja Landsvirkjun verulega að fá nýtt eigið fé inn í fyrirtækið. Slík útgáfa víkjandi lána yrði ekki með ábyrgð eigenda.

Þessi leið er langtímamarkmið. Þegar víkjandi lánin verða boðin út á markaði þarf að liggja fyrir með hvaða hætti eigendur sjá fyrir sér að draga sig út úr rekstri fyrirtækisins. Eðlilegast væri að bjóða bréfin út á markaði, innanlands sem erlendis, en ekki einskorða söluna til tiltekinna aðila, t.d. lífeyrissjóða.

Nefndin hefur rætt þessa leið við forsvarsmann eins af stærstu lífeyrissjóðum landsins. Hann taldi að víkjandi lán með breytirétti kynni að vera spennandi kostur fyrir

lífeyrissjóði, þó því aðeins að fyrir lægi áætlun til langs tíma sem sýndi með hvaða hætti eigendur fyrirtækisins hefðu í hyggju að selja eignarhluti sína og hlutafélagavæðing lægi fyrir.

**4. Landsvirkjun sameinist RARIK og Orkubúi Vestfjarða (samrunaleiðin)**
Í kjölfar endurskoðunar á lagaumhverfi raforkumála er óhjákvæmilegt að eigendur raforkufyrirtækja hugi að eign sinni í breyttu umhverfi. Núverandi eignarhald, þar sem ríki og sveitarfélög eiga hluti í fleiri en einu fyrirtæki er óskynsamlegt og býður heim hættunni á hagsmunaárekstrum.

Fyrirséð er að við endurskipulagningu raforkufyrirtækja skiptir miklu máli hvað verður um RARIK. Fyrirtækið hefur að jafnaði verið rekið með nokkru tapi. Í nýjum raforkulögum er því hins vegar tryggð arðsemi af dreifingu raforku og þannig bundinn endir á taprekstur fyrirtækisins af þessum mikilvæga hluta rekstrarins. Þetta gerir RARIK að áhugaverðum kosti fyrir önnur raforkufyrirtæki. Raforkufyrirtæki eru mörg í dag og mun krafa um hagræðingu leiða til fækkunar þeirra í nýju umhverfi.

Margt mælir með sameiningu Landsvirkjunar, RARIK og Orkubús Vestfjarða. Með því yrði til öflugt fyrirtæki í framleiðslu og sölu raforku. Með sameiningunni er eiginfjárstaðan styrkt og hagræðing yrði umtalsverð. Samlegðaráhrifin koma m.a. til af því að fyrirtækin sjá um viðhald háspennulína og annarra flutningsmannvirkja sitt í hvoru lagi, þó raunar sé nokkuð samstarf á milli félaganna á þessu sviði í dag. Með þessu móti lækkaði kostnaður við raforkukerfið og fyrir vikið yrði verð til notenda lægra en ella. Þau vandamál sem geta komið upp við þessa sameiningu ættu að vera vel leysanleg. Þannig má t.d. reikna með að koma Landsvirkjunar á smásölumarkað geti haft neikvæð áhrif á aðra viðskiptavini. Hugsanlega má leysa þetta með því að stofna dótturfyrirtæki sem hefði smásöluna á sinni könnu.

Með sameiningu við RARIK verður eiginfjárhlutfall sameinaðs fyrirtækis 34,5% samanborið við 30,6% eiginfjárhlutfall Landsvirkjunar í dag. Ef sameiningin nær einnig til Orkubúsins hækkar eiginfjárhlutfall sameinaðs fyrirtækis í 36,1%.

Við samruna Landsvirkjunar við RARIK og Orkubú Vestfjarða breytast eignarhlutföll í sameinuðu fyrirtæki. Ef miðað er við eigið fé, þar sem markaðsverð er ekki þekkt, hækkar hlutur ríkisins í 63% við sameiningu fyrirtækjanna þriggja, hlutur Reykjavíkur fer niður í 33% og Akureyrar í 4%. Þess ber þó að geta að eigið fé kann að vera slæmur mælikvarði á verðmæti í þessum félögum.

Aðrar hugmyndir sem hafa verið viðraðar er að Reykjavíkuborg fái afhentan hluta af eignum Landsvirkjunar, t.d. Sogsvirkjanir. Önnur hugmynd er að ríkið selji Reykjavíkurborg hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja en eignist í staðinn aukinn hlut í Landsvirkjun. Hafa ber þó í huga að aðrir eigendur Hitaveitu Suðurnesja eiga forkaupsrétt að fölum hlutum.

## 5. Stjórnhættir og stjórnun

Hugað verði að því að breyta sameignarsamningi og lögum um Landsvirkjun í því skyni að aðlaga stjórnhætti og stjórnskipulag fyrirtækisins betur að hlutafélögum, sér í lagi um hæfi og verkefni stjórnar.

Í breytingum á sameignarsamningi árið 1996 og lagabreytingum í framhaldi af því voru stjórnhættir fyrirtækisins færðir nær því sem tíðkast í hlutafélögum. Verði tekin sú ákvörðun að stefna að hlutafélagavæðingu Landsvirkjunar eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar er ástæða til að huga nú þegar að frekari samræmingu við reglur hlutafélagalaga. Hér má t.d. nefna stöðu stjórnar og fastráðinna starfsmanna sem opinberir sýslunarmenn, heiti á samráðsfundi, möguleika annarra sveitarfélaga á að gerast eignaraðilar að fyrirtækinu, hæfi stjórnarmanna sbr. hlutafélagalög, ákvæði reglugerðar um að stjórn ráði helstu lykilmenn og umræðu sem á sér stað um stjórnhætti fyrirtækja (e. corporate governance).

## 6. Arðgjafar-, arðgreiðslu- og gjaldskrármarkmið

Arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið verði endurskoðuð með hliðsjón af reynslu og stöðu fyrirtækisins. Nefndin hefur gert samning við KPMG um að vinna tillögur að breytingum á núverandi arðgjafar- og arðgreiðslumarkmiðum. Markmið verkefnisins er að meta hver sé eðlileg arðsemiskrafa á eigið fé Landsvirkjunar til lengri tíma og að meta hver sé heppileg arðgreiðslustefna til lengri og skemmri tíma. Við mat á þessu þarf að taka tillit til fjölmargra þátta, svo sem sambærilegrar starfsemi erlendis, mögulegra breytinga á eignarhaldi, áætlana um rekstur og fjárfestingar, fjármagnsskipan og skýrleika Landsvirkjunar sem fjárfestingarkosts.

Þá telur nefndin að eðlilegt sé að afnema núverandi gjaldskrármarkmið sameignarsamnings frá 1996, sem kveður á um 2-3% raunlækkun á ári frá 2000-2010, enda er það ekki í takt við breytingar á lagaumhverfi raforkumála og skiptingu Landsvirkjunar í framleiðslu og flutning.

**Viljayfirlýsing iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri**
**um að íslenska ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun**

Iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri (aðilar) eru sammála um að:

- Rétt sé, í ljósi nýrra raforkulaga sem fela í sér samkeppni í vinnslu og sölu raforku, að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, sem eigendur annarra orkufyrirtækja, losi um eignarhluta sína í Landsvirkjun.
- Stefna að því að íslenska ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.
- Greiðslur fyrir eignarhlutana verði inntar af hendi á löngum tíma og renni beint til að mæta lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna hvors um sig.

Til að vinna að framangreindu eru aðilar sammála um að fela fjögurra manna samninganefnd, skipaðri einum fulltrúa frá hverjum aðila, að vinna samning sem liggi fyrir eigi síðar en 30. september 2005. Stefnt skal að því að breyting á eignarhaldi Landsvirkjunar eigi sér stað 1. janúar 2006.

Samninganefndin skal í vinnu sinni m.a. leita til viðurkenndra, óháðra aðila um mat á verðmæti eignarhlutanna. Kostnaður við þá vinnu greiðist af eigendum í hlutfalli við eignarhlut þeirra í Landsvirkjun.

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær halda áfram óbreyttri þátttöku í stjórnun og starfrækslu Landsvirkjunar og taka afstöðu til nýrrar lántöku eða ábyrgða skv. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með sama hætti og verið hefur, þar til íslenska ríkið leysir til sín eignarhluta sveitarfélaganna í fyrirtækinu.

Reykjavík, 17. febrúar 2005.

Valgerður Sverrisdóttir
iðnaðarráðherra

Geir H. Haarde
fjármálaráðherra

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
borgarstjórinn í Reykjavík

Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjórinn á Akureyri

Ríkisstjórn Íslands, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Hólmavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Kirkjubólshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð, hér eftir nefndir sameigendur, gera með sér svohljóðandi

# SAMKOMULAG

1. gr.

Sameigendur eru sammála um að slíta sameignarfélaginu Orkubú Vestfjarða og stofna hlutafélag um rekstur fyrirtækisins, undir heitinu Orkubú Vestfjarða hf. Hlutafélagið tekur við núverandi rekstri, eignum, skuldum og öðrum skuldbindingum sameignarfélagsins.

Sameignarsamningur sameigenda, dags. 26. ágúst 1977, fellur úr gildi á stofndegi hlutafélagsins.

2. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Orkubús Vestfjarða samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 2000, sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur Orkubús Vestfjarða hf.

3. gr.

Sameigendur skulu eignast hlut í hinu nýja hlutafélagi í samræmi við hlutdeild sína í Orkubúi Vestfjarða, svo sem hún var 1. desember 2000.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkubús Vestfjarða skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá sameignarfélaginu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

5. gr.

Gengið verður frá samkomulagi við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um uppgjör lífeyrisskuldbindinga og áframhaldandi aðild starfsmanna Orkubús Vestfjarða að lífeyrissjóðnum.

6. gr.

Iðnaðarráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Með undirritun sinni samþykkja sameigendur efnisákvæði frumvarpsins fyrir sitt leyti, en drög þess eru fylgiskjal með samkomulagi þessu.

7. gr.

Komi til kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða hf., skal eftirfarandi gilda þar til breytt skipulag raforkumála tekur gildi, 1. júlí 2002, nema sameigendur samþykki annað:

- Orkubú Vestfjarða hf. starfar sem sjálfstæð eining og verður ekki sameinuð öðru orkufyrirtæki.

- Ef ákvörðun verður tekin um að aðlaga gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins skal það gert í áföngum.
- Stjórn Orkubús Vestfjarða hf. skal sem mest skipuð heimamönnum.
- Engum starfsmanni Orkubús Vestfjarða verður sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og hugsanlegra kaupa ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga

8. gr.

Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.

Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.

9. gr.

Ef samkomulag næst milli ríkissjóðs og sveitarfélaga á Vestfjörðum um kaupvirði Orkubús Vestfjarða hf. skal ríkissjóður bundinn við það fram til 1. júlí 2002.

10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða. Þá er gerður fyrirvari um að Orkubú Vestfjarða hf. njóti sömu skattalegu stöðu og önnur raforkufyrirtæki.

11. gr.

Samkomulag þetta er gert í fimmtán eintökum og heldur ríkissjóður 2 eintökum en aðrir sameigendur 1 hver og Orkubú Vestfjarða 1.

Ísafirði, 7. febrúar 2001.

| | |
|---|---|
| F.h. ríkisstjórnar Íslands | F.h. ríkisstjórnar Íslands |
| F.h. Ísafjarðarbæjar | F.h. Ísafjarðarbæjar |
| F.h. Árneshrepps | F.h. Kaldrananeshrepps |
| F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar | F.h. Kirkjubólshrepps |

F.h. Broddaneshrepps

F.h. Reykhólahrepps

F.h. Bæjarhrepps

F.h. Súðavíkurhrepps

F.h. Hólmavíkurhrepps

F.h. Tálknafjarðarhrepps

F.h. Vesturbyggðar

# SAMNINGUR

MILLI

# RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

OG

# LANDSVIRKJUNAR

UM

VIRKJANAMÁL,

YFIRTÖKU BYGGÐALÍNA O.FL.

11. ágúst 1982

X

S A M N I N G U R

milli

ríkisstjórnar Íslands

og

Landsvirkjunar

Ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefnd ríkisstjórn og Landsvirkjun gera með sér svohljóðandi

SAMNING UM VIRKJANAMÁL, YFIRTÖKU BYGGÐALÍNA O.FL.

## I. Kafli. Um virkjanamál.

1. gr.

Með heimild í 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver og 3. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, tekur Landsvirkjun með samningi þessum að sér að reisa og reka sem sína eign eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir frá og með 1. október 1982:

- Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli.
- Virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli.
- Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Landsvirkjun tekur frá sama tíma við rannsóknum, hönnun og undirbúningsframkvæmdum þeim fyrir framangreindar virkjanir sem hingað til hafa verið í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar.

Landsvirkjun gætir réttra fyrirmæla í lögum og í stjórnvaldsákvörðunum lögum samkvæmt varðandi framkvæmdir þessar eftir því sem við á, þ.á.m. um framkvæmdaröð, framkvæmdahraða, fjármögnun og nauðsynlegar leyfisveitingar.

2. gr.

Landsvirkjun tekur frá og með 1. október 1982 við réttindum og skyldum virkjunaraðila samkvæmt samningi við heimamenn um Blönduvirkjun, dags. 15. mars 1982.

3. gr.

Áður en rekstur hverrar virkjunar hefst skal gert samkomulag um greiðslur Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem eru í umráðum ríkisins, hvort sem er vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt er greitt vegna slíkra réttinda. Endurgjaldið má vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds.

Nái aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindi samkvæmt grein þessari skuldbinda þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna.

Matsmenn samkvæmt grein þessari skulu tilnefndir einn af hvorum aðila og oddamaður tilnefndur sameiginlega. Nái aðilar ekki samkomulagi um tilnefningu oddamanns skal hann tilnefndur af Hæstarétti.

4. gr.

Landsvirkjun tekur að sér að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins af undirbúningi og rannsóknum fyrir Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun til 1. okt. 1982, sem áætlast þá verða kr. 167.515.000,- á verðlagi 1. júlí 1982, en gerist upp eftir nánara samkomulagi í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Kostnaður þessi greiðist Rafmagnsveitum ríkisins eins og nánar verður samið um, m.a. þannig að Landsvirkjun yfirtaki lán vegna umrædds kostnaðar eða gefi út skuldabréf, sem svara til þeirra.

5. gr.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði þann hluta í kostnaði af undirbúningi og rannsóknum Orkustofnunar vegna Blönduvirkjunar til 1. okt. 1982 að svo miklu leyti sem hann telst vera umfram almennar rannsóknir sem Orkustofnun framkvæmir. Áætlast kostnaður þessi verða hinn 1. okt. 1982 kr. 39.059.000,-, en gerist upp eftir nánara samkomulagi í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði á sama hátt hlutdeild í kostnaði til sama tíma af undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar og Villinganesvirkjunar. Áætlast kostnaður þessi verða hinn 1. okt. 1982 kr. 48.818.000,- vegna Fljótsdalsvirkjunar og kr. 9.006.000,- vegna Villinganesvirkjunar.

Greiðslur umrædds kostnaðar skulu tengjast útgáfum hlutaðeigandi virkjanaleyfa.

## II. Kafli. Um yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum.

### 6. gr.

Landsvirkjun yfirtaki hinn 1. janúar 1983 eftirtaldar 132 kV raflínur í eigu ríkisins til eignar og reksturs:

- Lína Brennimelur - Vatnshamrar - Hrútatunga - Laxárvatn - Varmahlíð - Rangárvellir (svo nefnd Norðurlína).
- Lína Rangárvellir - Kröfluvirkjun (svo nefnd Kröflulína).
- Lína Krafla - Hryggstekkur (svo nefnd Austurlína).
- Lína Hryggstekkur - Djúpivogur - Hólar (svo nefnd Suð-austurlína).
- Lína Hrútatunga - Glerárskógar - Geiradalur - Mjólká (svo nefnd Vesturlína).

### 7. gr.

Landsvirkjun yfirtaki þann 1. janúar 1983 til eignar og reksturs hlutdeild í eftirtöldum aðveitustöðvum í eigu ríkisins samhliða yfirtöku byggðalína sem hér segir.

| Aðveitustöð | Áætluð hlutdeild Landsvirkjunar miðað við árslok 1981 % |
|---|---|
| Brennimelur I | 97.6 |
| Brennimelur II | 92.8 |
| Vatnshamrar | 48.6 |
| Hrútatunga | 74.3 |
| Laxárvatn | 67.8 |
| Varmahlíð | 51.7 |
| Rangárvellir | 100.0 |
| Hryggstekkur | 32.2 |
| Glerárskógar | 62.5 |
| Mjólká | 34.2 |

Endanleg eignarhlutdeild Landsvirkjunar í framangreindum aðveitustöðvum hinn 1. janúar 1983 ákvarðast með samkomulagi sem þá skal gert milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins með hliðsjón af viðbótum 1982 og sérstöku kostnaðaruppgjöri, sbr. 10. og 11. gr. og fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Landsvirkjun yfirtekur hinn 1. janúar 1983 50% hlutdeild í raflínusíma, fjarstýringu og stjórnstöð á Akureyri skv. lið III í meðfylgjandi matsgerð á fylgiskjali 2.

8. gr.

Fyrir þær eignir sem um ræðir í 6. og 7. gr. samnings þessa greiðir Landsvirkjun ríkissjóði samkvæmt meðfylgjandi matsgerð á fylgiskjali 2, 437.5 m.kr., sem miðast við verðlag 1. janúar 1982.

Hið umsamda verð greiðir Landsvirkjun þannig:

1. Með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð 211.0 m.kr. vísitölutryggt miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1982 (304 stig).

   Skuldabréfið greiðist með 6 jöfnum árlegum afborgunum. Greiðslur fari fram 1. september ár hvert, hin fyrsta 1. september 1982, þ.e. við útgáfu bréfsins. Lán þetta ber 2% ársvexti sem reiknast frá 1. september 1982.

2. Með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð kr. 108.7 m.kr., vísitölutryggt miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1982 (304 stig).

   - Lánið verði afborgana- og vaxtalaust meðan Landsvirkjun er að greiða skuldabréf skv. lið nr. 1, þ.e. 1982-1987.

   - Lánið endurgreiðist á 12 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Greiðslur fari fram 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1988.

   - Lánið ber 2% ársvexti sem reiknast frá 1. september 1987.

3. Hinn 1. júlí 1983 greiði Landsvirkjun 117.8 m.kr. vísitölutryggt miðað við byggingavísitölu 1. janúar 1982 (909 stig) og þá með skuldajöfnun við framlag ríkisins vegna áframhaldandi 50% eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun, skv. 17. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun og 3, gr. sameignarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dags. 27. febrúar 1981.

9. gr.

Landsvirkjun yfirtekur byggðalínur og aðveitustöðvar samkvæmt 6. og 7. gr. í því ástandi sem þær eru hinn 1. janúar 1983 og Landsvirkjun hefur kynnt sér, m.a. af þeim skoðunar- og úttektarskýrslum sem fyrir hendi eru hjá Rafmagnsveitum ríkisins svo og í skoðunarferðum.

## III. Kafli. Um yfirtöku Landsvirkjunar á stofnlínum og aðveitustöðvum í byggingu eða undirbúningi.

### 10. gr.

Landsvirkjun yfirtekur til eignar og reksturs að hluta eða öllu leyti eftirtalin mannvirki til flutnings á raforku sem nú eru í byggingu og undirbúningi á vegum Rafmagnsveitna ríkisins:

a. Raflína 132 kV Hólar - Prestbakki - Sigalda (svo nefnd Suðurlína).

b. Aðveitustöð í byggingu að Geiradal í Barðastrandasýslu.

c. Aðveitustöð í byggingu að Teigarhorni við Djúpavog.

d. Aðveitustöð í byggingu að Hólum við Hornafjörð.

e. Aðveitustöð í undirbúningi að Prestbakka á Síðu.

f. Stækkun aðveitustöðvar í undirbúningi að Sigöldu.

g. Stækkun aðveitustöðvar að Rangárvöllum við Akureyri.

h. Stækkun aðveitustöðvar að Vatnshömrum í Borgarfirði.

i. Stækkun aðveitustöðvar að Hryggstekk í Skriðdal.

j. Aðrar framkvæmdir vegna byggðalína sem samkomulag verður um.

### 11. gr.

Landsvirkjun yfirtekur hinn 1. janúar 1983 til eignar og reksturs mannvirki samkvæmt 10. gr. sem nú eru í byggingu eða undirbúningi og ákvarðast eignarhlutdeild Landsvirkjunar í mannvirkjum þessum samkvæmt nánara samkomulagi Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar, sbr. fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör. Greiðir Landsvirkjun ríkissjóði hlutdeild fyrirtækisins í kostnaði við framkvæmdir þessar til 1. janúar 1983 sem áætlast þá verða kr. 103.487.000,- á verðlagi 1. júlí 1982, en gerist upp eftir nánara samkomulagi aðila í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör. Verði ekki samkomulag um annað fer greiðsla þannig fram að Landsvirkjun yfirtekur lán Rafmagnsveitna ríkisins vegna þessara mannvirkja eða gefur út skuldabréf sem svara til þeirra lána.

## IV. Kafli. Ýmis ákvæði.

### 12. gr.

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar verður óbreytt til 1. janúar 1983. Til þess tíma gildir samningur Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 1. júlí 1981, um sölu Landsvirkjunar á rafmagni til Vesturlands, Vestfjarða, Norður- og Austurlands, en fellur að því búnu úr gildi. Frá og með 1. janúar 1983 verða afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun:

a. Aflstöðvar Landsvirkjunar.

b. Aðveitustöðvar samkvæmt 7. gr. samningsins.

c. Aðveitustöð við Elliðaár í Reykjavík.
Aðveitustöð við Korpu við Reykjavík.
Aðveitustöð við Laxárvirkjun (frá 1. júlí 1983).

d. Aðveitustöðvar samkvæmt liðum b. - f. í 10. gr. verða afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun jafnóðum og byggingu þeirra lýkur.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður fjölgun og breytingu afhendingarstaða og er Landsvirkjun heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja orkuver sín við landskerfið og bæta við þær eftir þörfum.

Frá og með 1. janúar 1983 skal sama gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns frá Landsvirkjun á ofangreindum afhendingarstöðum.

### 13. gr.

Landsvirkjun gerir rafmagnssölusamninga við almenningsrafveitur svo og samrekstrarsamninga við rafmagnsframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi Landsvirkjunar.

### 14. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun gera með sér sérstakt samkomulag um starfsmannamál.

X

15. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins munu annast þjónustu fyrir Landsvirkjun við byggðalínur, aðveitustöðvar og stjórnstöðina á Akureyri samkvæmt sérstökum samningi sem gera skal fyrir 1. janúar 1983.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila, og skal hvort fyrir sig teljast fullgilt frumrit samnings þessa.

Reykjavík, 11. ágúst 1982

| F.h. Landsvirkjunar | F.h. ríkisstjórnar Íslands |
|---|---|
| með fyrirvara um samþykki eignaraðila. | með fyrirvara um samþykki hennar. |

Samþykkt
f.h. ríkisstjórnarinnar
Iðnaðarráðuneytinu
21. september 1982
Hjörleifur Guttormsson

Samþykkt á
fundi borgarstjórnar
Reykjavíkur 16.
september 1982

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Fylgiskjal 1

með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl.,

Kostnaðaruppgjör.

1. Varðar 4. grein.

Sundurliðað yfirlit yfir kostnað Rafmagnsveitna ríkisins vegna virkjanarannsókna áætlað pr. 1. október 1982:

- Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi 1. júlí 1982 -

| | |
|---|---|
| Fljótsdalsvirkjun | 107.344 |
| Blöndurvirkjun | 60.515 |
| Villinganesvirkjun | 53 |
| Áætlaðir greiddir vextir 01.01. - 30.09.1982 | 2.168 |
| | 170.080 |

Áhvílandi lán á virkjunarrannsóknum:

- Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi 1. júlí 1982 -

| | |
|---|---|
| Lán tryggð með byggingarvísitölu, vextir 4,25 - 5,75%, endurgreiðslutími til 1990 - 1997. | 21.088 |
| Lán tekin í US$, vextir Libor + 1 1/4%, endurgreiðslutími eru árin 1985 - 1991. | 13.802 |
| Bráðabirgðalán í US$, tekin á árinu 1981, lánskjör ófrágengin. | 61.670 |
| Framlag ríkissjóðs frá árinu 1978, upphaflega kr. 600.000, framreiknað með áætlaðri vísitölu virkjana. | 2.979 |
| Á árinu 1980 voru fengnar kr. 3.000.000 gegn einfaldri kvittun. Ekki er vitað hvort þessari fjárhæð verður breytt í lán eða látið vera framlag úr ríkissjóði | 6.669 |
| Bráðabirgðalán í US$, tekin jan. - júní 1982. | 20.295 |
| Áætlaðar lántökur í júlí - september 1982. | 45.222 |
| Áætlaðir greiddir vextir 01.01. - 30.09.1982 | 2.168 |
| | 173.893 |
| Frá dregst framreiknaður kostnaður vegna Bessastaðaárvirkjunar sem ekki nýtist Fljótsdalsvirkjun. | 6.378 |
| | 167.515 |

Ath. Áfallnir, en ógjaldfallnir vextir pr. 1. október 1982 eru ekki meðtaldir hér að ofan.

2. Varðar 5. grein.

Með vísun í fundargerð frá 30. júlí 1982 vegna kostnaðar Orkustofnunar við virkjanarannsóknir hefur sá kostnaður verið framreiknaður til verðlags 1. október 1982 samkvæmt áætlaðri vísitölu virkjana, 29.279 stig, en Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni Rafmagnsveitna ríkisins reiknað út þætti hennar. Er hann sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Blöndvirkjun | 39.059 þús.kr. |
| Fljótsdalsvirkjun | 48.818 " " |
| Villinganesvirkjun | 9.006 " " |
| | 96.883 þús.kr. |

3. Varðar 11. grein.

Hér að neðan er sundurliðun á framkvæmdakostnaði Byggðalína ársins 1982 ásamt kostnaði við Suðurlínu árið 1981. Bókfærður kostnaður 1982 er án samkostnaðar þ.m.t. fjármagnsgjöld á byggingartíma.

Fjárhæðir eru á verðlagi 1. júlí 1982 samkvæmt áætlaðri vísitölu rafmagnslína og aðveitustöðva 25.973 stig, en Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni Rafmagnsveitna ríkisins reiknað út þætti hennar.

| | Framreiknaður bókfærður kostn. v/framkv.1981 og fyrr | Bókfærður kostn.jan.jún. 1982 | Áætl.kostn. júlí - des. 1982 | Samtals | Hluti Landsv. |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurlína | 11.514 | 10.139 | 39.861 | 61.514 | 61.514 |
| Aðrar línur | - | 1.061 | 2.189 | 3.250 | 3.250 |
| Aðveitustöðvar skv. 10. gr., liðir b. - i. | - | 5.092 | 40.512 | 45.604 | 36.346 |
| Aðrar aðveitustöðvar | - | 295 | 1.249 | 1.544 | 1.544 |
| Annað | - | 465 | 1.200 | 1.665 | 833 |
| | 11.514 | 17.052 | 85.011 | 113.577 | 103.487 |

## 4. Framkvæmd kostnaðaruppgjörs.

### 4.1. Kostnaður Rafmagnsveitna ríkisins við virkjanarannsóknir - varðar 4. grein.

Þegar rauntölur úr endurskoðuðu bókhaldi Rafmagnsveitna ríkisins liggja fyrir skal fara fram fjárhagslegt uppgjör milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitnanna að því er varðar útlagðan framkvæmdakostnað og tekin lán.

Framkvæmd uppgjörsins skal hagað þannig:

1. Lán, sem frágengin eru, skulu reiknuð til verðlags 1. okt. 1982 og reikna áfallna, en ógjaldfallna vexti til sama dags.

2. Lán, sem ófrágengin eru, skulu reiknuð til verðlags 1. okt. 1982. Vaxtakjör þeirra lána verða samningsatriði Landsvirkjunar og ríkisins og verða áfallnir vextir síðan reiknaðir til 1. okt. 1982.

3. Væntanleg lán fram til 1. okt. 1982 verði bráðabirgðalán og farið með þau með sama hætti og í lið 2.

4. Upphæðir, sem ríkissjóður hefur lagt fram, skulu reiknaðar til verðlags 1. okt. 1982 samkvæmt vísitölu virkjana. Landsvirkjun og ríkið geri með sér samkomulag um hvernig endurgreiðslu þessara fjárhæða verði háttað.

5. Frádráttarupphæð vegna Bessastaðaárvirkjunar skal reiknuð til verðlags 1. okt. 1982 með vísitölu virkjana og verði til lækkunar á framlagi ríkissjóðs samkvæmt 4. lið að ofan.

### 4.2. Kostnaður Orkustofnunar við virkjanarannsóknir - varðar 5. grein.

Kostnaður Orkustofnunar við virkjanarannsóknir skal gerður upp á verðlagi greiðsludags, þ.e. við útgáfu hlutaðeigandi virkjanaleyfa. Framreikningur verði framkvæmdur með vísitölu virkjana.

### 4.3. Framkvæmdakostnaður byggðalína 1982, auk kostnaðar við Suðurlínu 1981 og fyrr - varðar 11. grein.

Þegar rauntölur úr endurskoðuðu bókhaldi Rafmagnsveitna ríkisins liggja fyrir fari fram fjárhagslegt uppgjör milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitnanna á framkvæmdakostnaði byggðalína 1982, auk kostnaðar við Suðurlínu 1981 og fyrr. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar með vísitölu raflína og aðveitustöðva til 1. janúar 1983.

KOSTNAÐUR VIÐ BYGGÐALÍNUR

Í meðfylgjandi yfirliti er kostnaður við allar framkvæmdir Byggðalína og aðveitustöðva fram til ársloka 1982.

Byggingarkostnaður er bókfærður kostnaður hvers árs fram til ársloka 1981 og áætlaður kostnaður 1982. Kostnaðurinn er fyrir hverja línu og aðveitustöð fyrir sig eins og skilgreint er á meðfylgjandi blöðum.

Bókfærður kostnaður telst vera á meðalverði þess árs sem hann fellur til og er framreiknaður skv. vísitölu rafmagnslína og aðveitustöðva en Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni Rafmagnsveitna ríkisins reiknað út þætti vísitölunnar. Sú vísitala er meðalvísitala ársins.

Meðalvísitala ársins 1981 reyndist vera 17087,8 stig.

Framkvæmdakostnaður 1982 telst vera á verðlagi 1. júlí 1982. Er það verðlag áætlað 25973 stig og er reiknað út sem hækkun byggingarvísitölu frá meðalvísitölu byggingarkostnaðar 1981 sem reiknuð var út af Seðlabanka Íslands, til 1. júlí 1982 og reyndist sú hækkun vera 52%.

Áætlað er að Landsvirkjun yfirtaki sjálfar línurnar.

Áætluð skipting á aðveitustöðvum er almennt þannig að Landsvirkjun yfirtekur 132kV hluta stöðvanna en RARIK yfirtekur 11, 19, 33 og 66 kV hlutann ásamt spennum. Frá þessari skiptingu eru tvær undantekningar:

1. Á Brennimel er áætlað, að Landsvirkjun taki yfir 132 kV hlutann og 220/132/11 kV spenna að undanskildu 11 kV vafi, en RARIK taki yfir 11 kV vaf á spenni og 11 kV rofa.

2. Á Rangárvöllum er áætlað að Landsvirkjun taki yfir alla Byggðalínustöðina, þar sem eðlilegt er að kerfi Landsvirkjunar tengist kerfi Laxárvirkjunar.

Raflínusíma, fjargæslu og stjórnstöð á Akureyri er skipt að jöfnu milli Landsvirkjunar og RARIK, enda hafi báðir aðilar jafnan notkunarrétt.

Varaefni, áhöld og óskiptum kostnaði hefur enn ekki verið skipt.

| | Bókaður kostn. til 31.12.81 meðalverð 1981. Vísitala 17087,8 | Bókaður kostn.til 31.12.81 áætl.meðal-verð 1982 Vísitala 25973 | Áætl.hlutfall LV til árs-loka 1981. |
|---|---|---|---|
| | Þús.kr. | Þús.kr. | % |
| I LÍNUR | | | |
| BRENNIMELUR - VATNSHAMRAR | 11.866 | 18.036 | 100 |
| VATNSHAMRAR - VARMAHLIÐ | 102.903 | 156.410 | 100 |
| VARMAHLÍÐ - RANGÁRVELLIR | 17.731 | 26.951 | 100 |
| RANGÁRVELLIR - KRAFLA | 33.512 | 50.937 | 100 |
| KRAFLA - HRYGGSTEKKUR | 56.815 | 86.357 | 100 |
| HRYGGSTEKKUR - HÓLAR | 61.650 | 93.706 | 100 |
| HÓLAR - SIGALDA | 7.575 | 11.514 | 100 |
| HRÚTATUNGA - MJÓLKÁ | 94.040 | 142.938 | 100 |
| ÍSINGA-OG TILRAUNASPENNAR | 0 | 0 | |
| | 386.092 | 586.849 | |

| Áætl.kostn. v/framkv.'82<br><br>Vísitala 25973 | Áætl.hlutfall LV v/framkv. 1982. | Áætl.hluti LV í framkv. 1982. | Áætl.verðmæti 01.01.1983 áætl.meðalv. 1982 (01.07. 1982)Vísitala 25973 | Hluti LV á áætl. meðal-verði 1982 | Áætl. hlut-fall LV 1/1 '83 |
|---|---|---|---|---|---|
| Þús.kr. | % | Þús.kr. | Þús.kr. | Þús.kr. | % |
| | | | 18.036 | 18.036 | 100 |
| | | | 156.410 | 156.410 | 100 |
| | | | 26.951 | 26.951 | 100 |
| | | | 50.937 | 50.937 | 100 |
| | | | 86.357 | 86.357 | 100 |
| 750 | 100 | 750 | 94.456 | 94.456 | 100 |
| 50.000 | 100 | 50.000 | 61.514 | 61.514 | 100 |
| 2.000 | 100 | 2.000 | 144.938 | 144.938 | 100 |
| 500 | 100 | 500 | 500 | 500 | 100 |
| 53.250 | | 53.250 | 640.099 | 640.099 | |

| | Bókaður kostn. til 31.12.81 meðalverð 1981. Vísitala 17087,8 | Bókaður kostn.til 31.12.81 áætl.meðal-verð 1982 Vísitala 25973 | Áætl.hlutfall LV til árs-loka 1981. |
|---|---|---|---|
| | Þús.kr. | Þús.kr. | % |
| **II AÐVEITUSTÖÐVAR** | | | |
| BRENNIMELUR I | 15.460 | 23.499 | 97,6 |
| BRENNIMELUR II | 7.811 | 11.873 | 92,6 |
| VATNSHAMRAR | 20.723 | 31.498 | 48,0 |
| HRÚTATUNGA | 11.903 | 18.092 | 74,3 |
| LAXÁRVATN | 14.308 | 21.748 | 67,8 |
| VARMAHLÍÐ | 13.818 | 21.003 | 51,7 |
| RANGÁRVELLIR | 20.175 | 30.665 | 100 |
| HRYGGSTEKKUR | 19.755 | 30.027 | 39,3 |
| TEIGARHORN | 3.387 | 5.148 | 0 |
| HÓLAR | 3.106 | 4.721 | 0 |
| GLERÁRSKÓGAR | 9.522 | 14.473 | 63,2 |
| GEIRADALUR | 24 | 36 | 100 |
| MJÓLKÁ | 10.140 | 15.413 | 34,2 |
| SIGALDA | 0 | 0 | - |
| ÞÉTTAVIRKI AKUREYRI | 36 | 55 | 100 |
| LIÐABÚNAÐUR VIÐBÆTUR | 0 | 0 | - |
| | 150.168 | 228.251 | |

| Áætl.kostn. v/framkv.'82 Vísitala 25973 | Áætl.hlutfall LV v/framkv. 1982. | Áætl.hluti LV í framkv. 1982. | Áætl.verðmæti 01.01.1983 áætl.meðalv. 1982 (01.07. 1982) Vísitala 25973 | Hluti LV á áætl. meðal-verði 1982 | Áætl. hlut-fall LV 1/1 '83 |
|---|---|---|---|---|---|
| Þús.kr. | % | Þús.kr. | Þús.kr. | Þús.kr. | % |
| | | | 23.499 | 22.935 | 97,6 |
| | | | 11.873 | 10.994 | 92,6 |
| 4.088 | 0 | 0 | 35.586 | 15.119 | 42,5 |
| | | | 18.092 | 13.442 | 74,3 |
| | | | 21.748 | 14.745 | 67,8 |
| | | | 21.003 | 10.859 | 51,7 |
| 10.607 | 100 | 10.607 | 41.272 | 41.272 | 100 |
| 2.131 | 100 | 2.131 | 32.158 | 13.932 | 43,3 |
| 36 | 50 | 18 | 5.184 | 18 | 0,3 |
| 4.832 | 69,8 | 3.373 | 9.553 | 3.289 | 34,4 |
| 1.119 | 100 | 1.119 | 15.592 | 10.266 | 65,8 |
| 15.423 | 75,4 | 11.630 | 15.459 | 11.666 | 75,5 |
| | | | 15.413 | 5.271 | 34,2 |
| 1.194 | 100 | 1.194 | 1.194 | 1.194 | 100 |
| 7.293 | 100 | 7.293 | 7.348 | 7.348 | 100 |
| 425 | 100 | 425 | 425 | 425 | 100 |
| 47.148 | | 37.790 | 275.399 | 182.775 | |

| | Bókaður kostn. til 31.12.81 meðalverð 1981. Vísitala 17087,8 | Bókaður kostn.til 31.12.81 áætl.meðal-verð 1982 Vísitala 25973 | Áætl.hlutfall LV til árs-loka 1981. |
|---|---|---|---|
| | Þús.kr. | Þús.kr. | % |
| III RAFLÍNUSÍMI OG FJARSTÝR. | | | |
| RAFLÍNUSÍMI | 8.103 | 12.316 | 50 |
| FJARGÆSLA | 10.443 | 15.873 | 50 |
| STJÓRNST.RANGÁRVÖLLUM | 1.413 | 2.148 | 50 |
| SAMFÖSUN | 32 | 49 | 50 |
| | 19.991 | 30.386 | |
| IV ANNAÐ | | | |
| VARAEFNI | 3.879 1) | 5.896 | |
| ÓSKIPTUR KOSTNAÐUR | 128 1) | 195 | |
| ÁHÖLD | 711 1) | 1.081 | |
| | 4.718 | 7.172 | |

1) HEFUR EKKI VERIÐ SKIPT.

| Áætl.kostn. v/framkv.'82<br><br>Vísitala 25973 | Áætl.hlutfall LV v/framkv. 1982. | Áætl.hluti LV í framkv. 1982. | Áætl.verðmæti 01.01.1983 áætl.meðalv. 1982 (01.07. 1982)Vísitala 25973 | Hluti LV á áætl. meðal- verði 1982 | Áætl. hlut- fall LV 1/1 '83 |
|---|---|---|---|---|---|
| Þús.kr. | % | Þús.kr. | Þús.kr. | Þús.kr. | % |
| 1.090 | 50 | 545 | 13.406 | 6.703 | 50 |
| 575 | 50 | 287 | 16.448 | 8.224 | 50 |
| | | | 2.148 | 1.074 | 50 |
| | | | 49 | 25 | 50 |
| 1.665 | | 832 | 32.051 | 16.026 | |
| | | | 5.896 | | |
| | | | 195 | | |
| | | | 1.081 | | |
| | | | 7.172 | | |

Fylgiskjal 2

með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl.,

Matsgerð.

KOSTNAÐUR VIÐ BYGGÐALÍNUR

Í meðfylgjandi yfirliti er kostnaður við allar framkvæmdir Byggðalína og aðveitustöðva fram til 31.12.1981.

Byggingarkostnaður er bókfærður kostnaður hver árs fram til ársloka 1980 og áætlaður kostnaður 1981. Kostnaðurinn er fyrir hverja línu og aðveitustöð og er á meðalverði hvers árs.

Kostnaðurinn er síðan framreiknaður skv. vísitölu rafmagnslína og aðveitustöðva, sem reiknuð er út af Þjóðhagsstofnun að beiðni RARIK. Sú vísitala er meðalvísitala ársins.

Meðalvísitala ársins 1980 er skv. þessu 11719,1 stig.

Meðalvísitala ársins 1981 er áætluð 16991,2 stig.

Kostnaður er síðan færður til áætlaðs verðlags 1. janúar 1982 skv. áætlun um sömu vísitölu á vísitölugildinu 20624,4 stig.

Áætlað er að Landsvirkjun yfirtaki sjálfar línurnar.

Áætluð skipting á aðveitustöðvum er almennt þannig, að Landsvirkjun yfirtekur 132 kV hluta stöðvanna en RARIK yfirtekur 11, 19, 33 og 66 kV hlutann ásamt spennum. Frá þessari skiptingu eru tvær undantekningar:

1. Á Brennimel er áætlað, að Landsvirkjun taki yfir 132 kV hluta og 220/132/11 kV spenna að undanskildu 11 kV vafi, en RARIK yfirtaki 11 kV vaf á spenni og 11 kV rofa.

2. Á Rangárvöllum er áætlað, að Landsvirkjun yfirtaki alla Byggðalínustöðina, þar sem eðlilegt er að kerfi Landsvirkjunar tengist kerfi Laxárvirkjunar.

Raflinusima, fjargæslu og stjórnstöð á Akureyri er skipt að jöfnu milli Landsvirkjunar og RARIK, enda hafi báðir aðilar jafnan notkunarrétt.

Varaefni, áhöldum og óskiptum kostnaði hefur enn ekki verið skipt, en þó er ljóst, að litill hluti af þeim kostnaði kemur i hlut Landsvirkjunar.

Reykjavik 11. nóvember 1981

| | Bókaður kostn. meðalverð '80 Vísit. 11719,1 Þús.kr. | Áætlað hlutf. LV til ársloka 1980 % | Áætl. kostn. v/framkv.1981 Vísit. 16991,2 Þús.kr | Áætl. hlutf LV v/framkv. 1981 % | Áætl.verðmæti 01.01.1982 Vísit.20624,4 Þús.kr. | Hluti LV áætl. verðl.01.01.82 Þús.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| II Aðveitustöðvar | | | | | | |
| Brennimelur I | 10.603 | 97,6 | | | 18.660 | 18.212 |
| Brennimelur II | 5.343 | 92,8 | | | 9.403 | 8.726 |
| Vatnshamrar | 14.041 | 48,6 | 248 | 0 | 25.012 | 12.010 |
| Hrútatunga | 8.110 | 74,3 | | | 14.273 | 10.605 |
| Laxárvatn | 9.813 | 67,8 | | | 17.270 | 11.709 |
| Varmahlið | 9.454 | 51,7 | | | 16.638 | 8.602 |
| Rangárvellir | 13.667 | 100 | 513 | 100 | 24.675 | 24.675 |
| Hryggstekkur | 12.132 | 32,2 | 1.934 | 100 | 23.699 | 9.223 |
| Glerárskógar | 6.402 | 62,5 | 1.436 | 100 | 13.010 | 8.785 |
| Mjólká | 6.936 | 34,2 | 200 | 34,2 | 12.450 | 4.243 |
| Teigarhorn | 10 | 0 | 3.675 | 0 | 4.479 | 0 |
| Hólar | 4 | 0 | 3.115 | 0 | 3.788 | 0 |
| Geiradalur | 3 [1)] | 0 | 280 [1)] | 0 | 345 [1)] | 0 |
| Alls | 96.518 | | 11.401 | | 183.702 | 116.790 |

[1)] Verður skipt síðar milli LV og RARIK.

| | Bókaður kostn. meðalverð '80 Visit. 11719,1 Þús.kr. | Áætlað hlutf. LV til ársloka 1980 % | Áætl. kostn. v/framkv.1981 Visit. 16991,2 Þús.kr | Áætl. hlutf.LV v/framkv.1981 % | Áætl.verðmæti 01.01.1982 Visit.20624,4 Þús.kr. | Hluti LV áætl. verðl.01.01.82 Þús.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| III Raflínusími og fjarstýring | | | | | | |
| Raflínusími | 5.173 | 50 | 1.126 | 50 | 10.471 | 5.235 |
| Fjargæsla | 6.664 | 50 | 448 | 50 | 12.272 | 6.136 |
| Stjórnstöð Akureyri | 793 | 50 | 131 | 50 | 1.555 | 778 |
| Samfösun | 22 | 50 | | | 39 | 19 |
| | 12.652 | | 1.705 | | 24.337 | 12.168 |
| | | | | | | |
| IV Annað | | | | | | |
| Varaefni | 1.402 | | 741 | | | |
| Óskiptur kostn. | 88 | | | | | |
| Áhöld | 344 | | | | | |
| | 1.834 | | 741 | | | |
| | | | | | | |
| Samtals liðir I, II og III | | | | | 675.848 | 596.767 |